**Kennsluáætlun í íslensku - 3.-4. bekkur**
**2026-2027**
**Waldorfskólinn Sólstafir**
**Kennari: Guðbrandur Bragason**

Kennsla í íslensku fer fram í lotum í aðalkennslu (sjá lotur á stundaskrá) ásamt tveimur kennslustundum í viku hverri.

**Kennsluaðferðir:**
Nú hafa nemendur fengið innlögn á hástöfum og lágstöfum og eru byrjaðir að lesa. Við höldum áfram að vinna með sérhljóða og samhljóða og lesum bæði í skólanum og heima. Við vinnum líka fjölbreytt verkefni tengd stöfunum í gegnum leik og skapandi vinnu. Nemendur æfa sig að skrifa í skriftarbókum og leysa þar fjölbreytt verkefni. Einnig höldum við áfram að skrifa og myndskreyta í vinnubækur þau viðfangsefni sem við fáumst við líkt og áður.
Einnig verða lesnar sögur og ævintýri. Samhliða munum við ræða um efni og innihald, boðskap og fágæt orð. Aðrar kennsluaðferðir eru söngur o.fl.

**Markmið:**
Að nemendur
-þekki íslensku stafina, bæði hástafi og lágstafi og hljóð þeirra
-geti hlustað með athygli á frásagnir, rifjað upp og greint frá upplifun sinni
-æfi sig í að skrifa einfaldar setningar eftir forskrift kennara og eftir eigin höfði
-tileinki sér metnað fyrir því að að búa til vandaða vinnubók
-auki við orðaforða sinn og skilning
-læri söngva og vísur
-æfi sig að lesa sér til gamans

**Viðfangsefni:**
Dæmisögur, dýrlingasögur, þjóðsögur og ævintýri.
Vísnabækur og spil.
Skriftarbækur.

**Námsmat:**
Virkni og þátttaka í tímum.
Vinnubrögð og frágangur.
Orðaforði og skilningur á íslensku máli.
Samskipti við samnemendur, kennara og skólaliða.

Sjá má hæfniviðmið á vefsíðu skólans: waldorf.is